


**Varðar: Grensásvegur 48 - byggingaleyfisúmsókn**


Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25.07.2023 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta þrjár íbúðir á 2. hæð í húsi nr. 48 við Grensásveg.

**Almennt yfirlit breytinga:**

Í breytingunni sem lögð er til felst breytt notkun efri hæðar, úr skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði þar sem innréttaðar verða þrjár íbúðir.



Grenndarkynnt afstöðumynd



Grenndarkynnt grunnmynd

Erindið var grenndarkynnt frá 5. september 2023 til og með 3. október 2023.

Einn aðili sendi inn athugasemdir:

1. Þórður Halldórsson, dags. 3. október 2023


Efnislegar athugasemdir eru eftirfarandi:

1. Þórður Halldórsson

**Athugasemd:** Athugasemd vegna fyrirhugaðra breytinga á Grensásvegi 48 Mig langar að koma að einni athugasemd vegna fyrirhugaðra breytinga á Grensásvegi 48. Samkvæmt teikningu stendur til að hafa aðstöðu fyrir sorpflokkun á horni á bakhlið hússins. Það þýðir að sorptunnur munu skaga út fyrir húsið alveg á horni þess og mun það skerða aðgengi þeirra íbúa sem eiga bílastæði í portinu bakvið Grensásveg 48. Það er nú þegar ansi þröngt að keyra fyrir hornið á húsinu og inn í portið, og því er alls ekki hægt að samþykkja þessa staðsetningu á sorptunnum. Það þarf að færa þessa sorpungjörð frá horni hússins og innar eftir bakhlið hússins svo hún skerði ekki aðgengi annarra íbúa í nærliggjandi húsum.

**Svar:** Athugasemd hefur verið komið áfram til hönnuðar sem gert hefur tillögu að tilfærslu á sorpi frá horni húss að skorteini þannig að umferð um horn verði greiðfærari.

Tillaga hönnuðar að nýrri staðsetningu sorps





**Niðurstaða:**

Lagt er til að erindið verði samþykkt með þeirri lagfæringu að sorpi verði hliðrað frá horni sbr. meðfylgjandi tillögu hönnuðar.

**F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík**

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri